

um fræðslumyndasafn ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 25. marz.)

1. gr.

Yfirstjórn fræðslumyndasafns ríkisins er í höndum menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn safnsins til fjögurra ára í senn, samkvæmt tillögum stjórnna Sambands íslenzkra barnakennara, Landssambands framhaldsskólakennara, Menntamálaráðs Íslands og útvarpsráðs, en ráðherra skipar formann safnstjórnar án tilnefningar. Ef stjórnarmaður forfallast eða lætur af störfum, skal skipa mann í stjórnina á sama hátt.

Forstöðumaður fræðslumyndasafns á sæti á fundum safnstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt. Getur hann skotið þeim ákvörðunum stjórnarinnar, er mjög varða fjárhag safnsins, undir úrskurð ráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk fræðslumyndasafns ríkisins er, eftir því sem við verður komið:

- a. Að festa kaup á erlendum og innlendum kvikmyndum og kyrrmyndum í þágu fræðslumála og annarra menningarmála.
- b. Að eignast tæki til fræðslumyndagerðar, svo og sýningartæki eftir þörfum, og leiðbeina fræðslustofnunum, er þess æskja, um val og útvegum sýningar-tækja.
- c. Að lána skólum og öðrum fræðslustofnunum myndir og tæki til notkunar við kennslu. Enn fremur að lána eða leigja þessum aðilum, svo og félögum, er hafa menningarmál á stefnuskrá sinni og standa öllum opin án tillits til stjórnmalaskoðana, myndir og tæki til afnota í sambandi við félags- og skemmtanalíf.
- d. Að láta þýða eða gera íslenzkar skýringar við erlendar fræðslumyndir.
- e. Að verja hluta af tekjum safnsins til útvegunar á hljómplötum og tónböndum til notkunar við fræðslu og félagslíf í skólum. Skal um þetta höfð samvinna við Ríkisútvarpið.
- f. Að hafa samráð við Menntamálaráð Íslands um gerð fræðslu- og menningarmynda. Enn fremur getur safnið ráðizt í töku kynningarmynda um einstaka þætti atvinnulífs og félagslífs, og er heimilt að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í myndagerðinni.
- g. Að efla íslenzka fræðslumyndagerð á annan hátt — svo sem með því að styrkja efnilega menn til þess að afla sér þekkingar í þeim efnunum, er safninu megi síðar að gagni verða.

3. gr.

Alþingi veitir í fjárlögum ár hvert fé til rekstrar safninu, og skal sú fjárveiting eigi vera lægri en 300000 kr. á ári. Stjórn safnsins gerir árlega áætlun um tekjur þess og gjöld, og skal fjárhagsáætlunin háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Enn fremur getur safnið aflað sér tekna með kvikmyndasýningum, og skulu þær sýningar undanþegnar skemmtanaskatti.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar forstöðumann safnsins, að fengnum tillögum safnstjórnar, og setur ráðuneytið honum erindisbréf og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Skal hann annast daglega stjórn safnsins. Hann skal árlega semja skýrslu um rekstur og hag safnsins og senda hana menntamálaráðuneytinu í lok hvers starfsárs. Reikningar safnsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Safnstjórnin ræður annað starfsfólk safnsins í samráði við forstöðumann, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett fyllri ákvæði um starfsemi og rekstur safnsins, meðal annars kveðið á um meðferð, vörzlu og útlán eða leigu mynda og tækja og um myndasýningar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi númer lög nr. 1 21. janúar 1944, að svo miklu leyti sem þau fjalla um kennslukvikmyndir.